

# Skrifstofustólar

Upplýsingar um ábyrgðir

10

MULLFJÄLLET, MARKUS, LÅNGFJÄLL,  
HATTEFJÄLL, ALEFJÄLL, JÄRVFJÄLLET,  
TROLLBERGET, LIDKULLEN, FLINTAN  
og FJÄLLBERGET



Daglegt líf heima og í vinnunni gerir miklar kröfur til skrifborðsstóla. Þessir skrifborðsstólar eru prófaðir til notkunar á skrifstofum og uppfyllir kröfur um öryggi, endingu og stöðugleika sem fram koma í eftirfarandi stöðlum (EN 1335, ANSI/BIFMA X5.1 fyrir skrifstofustóla og EN16139, ANSI/BIFMA X5.1 fyrir fundarstóla). Þess vegna getum við boðið 10 ára ábyrgð sem nær yfir galla í efni og handverki á öllum hreyfanlegum hlutum og grind stólsins. Ábyrgðir gildir samkvæmt ábyrgðarskilmálum sem koma fram í þessum bæklingi.

**10**

Vörurnar sem taldar eru upp í þessum bæklingi eru með 10 ára ábyrgð.

### **Hvað gildir ábyrgðin lengi?**

Ábyrgðin á stólunum gildir í 10 ár frá þeim degi sem varan er keypt í IKEA. Upphafleg kvittun þarf að fylgja með sem staðfesting á kaupum.

### **Hvað fellur undir þessa ábyrgð?**

Þessi ábyrgð nær til galla í efni og framleiðslu á eftirfarandi hlutum stólsins:

- Grind
- Hreyfanlegir hlutir

Hreyfanlegir hlutir eru hlutir með hreyfanlega eða stillanlega eiginleika. Ábyrgðin nær yfir þá eiginleika sem ætlaðir eru fyrir hluti sem tilheyra hjólum, pumpu, búnaði, armbríkkum og búnaði til að stilla bak.

## **Hvað gerir IKEA til að leysa vandann?**

IKEA skoðar vöruna og tekur ákvörðun um hvort ábyrgðin gildi í hverju tilfelli fyrir sig. Ef ábyrgðin er í gildi ákveður IKEA hvort gert er við vöruna eða henni skipt út fyrir sömu vöru eða sambærilega. IKEA ber þá kostnað af viðgerð, varahlutum, vinnu og ferðum starfsfólks sem IKEA fær til viðgerðanna. Þetta á þó aðeins við ef varan er aðgengileg án þess að viðbótarkostnaður hljóttist af. Þetta á ekki við í þeim tilfellum þar sem viðgerð hefur farið fram án heimildar IKEA. Allir gallaðir hlutar sem fjarlægðir eru við viðgerð eru eign IKEA.

Ef varan er ekki lengur seld hjá IKEA verður viðskiptavini útveguð viðeigandi sambærileg vara. IKEA áskilur sér rétt til að ákveða hverju sinni hvað er viðeigandi og sambærileg vara.

## **Hvað fellur ekki undir þessa ábyrgð?**

Ábyrgðin er ekki í gildi fyrir vöru sem hefur verið geymd, sett saman, sett upp eða notuð á rangan hátt. Einnig vöru sem hefur verið meðhöndluð illa eða á rangan hátt, hefur verið breytt eða þrífín með röngum efnum.

Ábyrgðin nær ekki yfir venjulega notkun, rispur eða skemmdir vegna óhappa eða högga.

Ábyrgðin gildir ekki ef varan hefur verið notuð á opinberum stöðum, utandyra eða í tærandi umhverfi, til dæmis inni á baðherbergi.

Ábyrgðin nær ekki yfir skaða vegna tilfallandi eða afleidds tjóns.

## **Almenn réttindi**

Þessi ábyrgð veitir þér tiltekin réttindi. Hún hefur á engan hátt áhrif á lagalegan rétt þinn.

## **Hafðu samband**

Ef þú þarft frekari upplýsingar getur þú haft samband við IKEA í síma 520 2500 eða á [IKEA.is](http://IKEA.is).

## Geymdu kvittunina

Hún er staðfesting á kaupunum og hennar er krafist til að ábyrgðin gildi. Ef eitthvað kemur upp á eða þú ert ekki ánægð/ur, vinsamlega hafðu þá samband við IKEA á [IKEA.is](http://IKEA.is) eða hringdu í 520 2500.

